

Mánudaginn 19. ágústmánaðar.

Nr. 8/1907:

Þórður J. Thoroddsen

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni fyrir hönd

H. P. Duusverzlunar í Keflavík.

D ó m u r :

Skuldamál þetta er sprottið af viðskiftum fiskiskipsins Sjöstjarnan við verzlun H. P. Duus í Keflavík, en þau viðskifti hófust 7. marz 1903, og lauk 30. júlí 1904; taldi þá verzlunin til skuldar hjá skipinu um 1491 kr. 92 aura, og krafði áfrýjandann, bankagjaldkera Þórð J. Thoroddsen, sem aðalútgjörðarmann skipsins og eiganda þess um greinda upphæð, en með því að hann eigi vildi greiða skuldina, höfðaði Kristján Þorgrímsson fyrir verzlunarinnar hönd mál gegn honum fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og var mál það dæmt af greindum rétti 31. jan. þ. á. á þá leið, að Þórður J. Thoroddsen skyldi greiða Kristjáni Þorgrímssyni fyrir hönd H. P. Duusverzlunar í Keflavík 1311 kr. 05 aura af hinni umstefndu skuld með 5⁰/₁₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. — Þessum bæjarþingsdómi hefir bankagjaldkeri Þórður J. Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. febr. þ. á. og hefir hann krafist þess, fyrst og fremst að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og málinu vísað frá rétti, en til vara að áfrýjandi verði sýknaður, svo og að honum verði tildæmdur málskostnaður, hvernig sem málið fer. Af sinni hálfu hefir stefndi Kristján Þorgrímsson

fyrir hönd Dúusverzlunar krafist þess, að dómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. —

Áfrýjandi byggir kröfu sína um að málinu verði vísað frá rétti á þeim rökum, að hann hafi ekki verið einn eigandi og útgjörðarmaður skipsins Sjöstjarnan, og sé því málinu ranglega beint gegn honum einum; virðist hann halda því fram, að það hefði átt að beina málinu gegn eigendum Sjöstjörunnar, en eigi gegn áfrýjanda persónulega, eða að hann sé reus incompetens í málinu. En þessi ástæða, væri hún á rökum byggð, mundi eigi leiða til frávísunar málsins frá rétti, heldur til sýkunar áfrýjanda. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina, en þá ber að athuga hitt, hvort áfrýjandi gæti krafist sýkunar af greindum rökum.

Það er nú komið fram í málinu, að fleiri hafi verið eigendur skipsins en áfrýjandi, er það gjörði reikning sinn við hina stefndu verzlun, og að þeir hafi enda verið sjö að tölu; en eigi er það fullljóst, að þetta hafi verið verzluninni kunnugt. Á hinn bóginn er það sannað, að áfrýjandi keypti skipið einn 11. október 1900 og að hann enn er talinn einn eigandi þess í þjóðernis- og eignarfyrirlýsingu 20. jan. 1901. Ennfremur virðist það ljóst af því sem fram er komið í málinu, að hann hafi aðallega og einn ráðstafað útgjörð skipsins, ráðið skipstjóra á það, samið um vöruúttekt þess, þar á meðal við hina stefndu verzlun, og ráðstafað afla þess. Hann virðist hafa verið aðalútgjörðarmaður og aðalumráðamaður þess, og komið þannig fram gagnvart verzluninni, og fyrir því verður að líta svo á, að verzluninni sé heimilt að beina

kröfu sinni gegn honum einum. Umrædd syknunarkrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Hin upprunalega krafa Duusverzlunar á hendur áfrýjanda var 1491 kr. 92 aur., eins og áður er sagt, en fyrst var hún færð niður af stefnda sjálfum fyrir undirréttinum um 68 kr. 27 aur. og síðan var hún lækkuð með bæjarþingsdóminum um 112 kr. 60 aur., þannig að dómsskuldin er 1311 kr. 05 aur. En áfrýjandi hefir eigi viljað kannast við, að reikningar verzlunarinnar væru réttir, og hefir hann fundið bæði að tekjuhlið þeirra og gjaldahlið og að verðlaginu á vörunum, og það svo, að hann telur að skipið skuldi verzluninni alls ekkert, en eigi þvert á móti inni hjá henni allmikla upphæð. Aðfinningar hans þær er snerta verðlag á vörunum, verða þó eigi teknar til greina, því hann hefir eigi sannað að honum hafi verið lófað öðru verðlagi, en reiknað hefir verið, enda eigi leitt rök að því, að verðlagið á úttektinni hafi verið of hátt reiknað, né verðlagið á innlögðum afla skipsins sett of lágt. Þá hefir hann haldið því fram, að mjög margt sé það í úttekt skipsins eftir reikningunum, er hvorki hann né sanæignarmenn hans hafi heimilað að tekið væri út í reikning skipsins. Hann hefir þó eigi neitað að þetta hafi verið tekið út handa skipinu en að eins sagt, að sér sé ókunnugt um úttektina. Nú er það svo, að þessar vörur hafa mestmegnis verið teknar út af skipstjóranum til handa skipinu, eins og venja er, þegar fiskiskip eru gjörð út, og tekur hann þá vörurnar út í umboði skipseigendanna; skipið hafði reikning sinn við Duusverzlun og þangað var skipstjóranum vísað til að fá nauðsynjar þess. Áfrýjandi getur því eigi hnekt reikningi stefnda með svo löguðum mótmæl-

um, að honum hafi verið ókunnugt um úttektina, og að hann hafi eigi gefið heimild til að hinar og þessar vörur, er í reikningunum eru tilgreindar, væru teknar út handa skipinu. Til þess að rökstyðja mótmæli sín, þurfti hann að fá umsögn skipstjórans, og hlaut það að vera honum innan handar; það hefir hann ekki gjört, og hefir þó skipstjórinn vottað í máli þessu, að það hafi verið »með samráði og fyrirskipun« áfrýjanda, að hann tók vörur til skipsins hjá H. P. Duusverzlun í Keflavík. Í sambandi við þetta og með tilliti til þess, að þessi mótmæli gegn reikningnum eru hin víðtækustu, ber þess að geta, að áfrýjandi hefir í bréfi til stefnda, dags. 14. marz 1906, beinlínis kannast við það, að skipið skuldaði verzluninni að minsta kosti 800 kr., þar sem hann segir að þeir, skipseigendur, vilji fallast á að greiða áminsta upphæð »af skuld skipsins við Duusverzlun gegn því að skuldin sé þar með kvitt.« Er það ljóst, að hann hefir þá eigi haft í huga að mótmæla rúmum 2000 kr af úttekt skipsins. Samkvæmt því, sem hér segir, verða framangreind almenn mótmæli gegn úttektardálk skipsreikningsins eigi tekin ril greina.

Þá koma til álitá einstöku úttektarliðir reikningsins, er áfrýjandi hefir mótmælt, að svo miklu leyti mótmælum hefir verið hrundið með bæjarþingsdóminum, og eru þeir þessir. Áfrýjandi mótmælir úttekt 8. ágúst (1903) 17 kr. 50 aur. fyrir salt til umsöltunar, og úttekt 15. ágúst, 114 kr. 20 aur. fyrir verkun á fiski; segir áfrýjandi að hann hafi haft nóg salt í skipinu, svo að eigi hafi verið þörf fyrir þetta salt, og að hann hafi greitt verkunarlaunin; hann hefir þó eigi neitað því, að saltið hafi verið tekið út hjá verzluninni og notað til þess að um-

salta fiskinn; og að því verkunarlaunin snertir, sést það af reikningunum, að þau einnig síðar þetta ár hafa verið greidd af verzluninni og má ætla að það hafi verið eftir samningi milli málsaðila, enda hefir því eigi verið neitað af áfrýjanda, að verzlunin hafi séð um verkunina. Hvertveggja þetta má ætla að hafi verið gjört í þarfir skipsins og útgerðarinnar og eftir því sem tíðkast, er svo á stendur, og verður að fallast á það, að mótmælum áfrýjanda gegn þessum liðum reikningsins hefir verið hrundið í bæjarþingsdóminum.

Að því er tekjuhlíð reikningsins snertir hefir áfrýjandi haldið því fram, að þar vanti að tilfæra disconto af 2 víxlum, sem skipið er skuldað fyrir 15. ágúst 1903 og 30. júlí 1904, er hvor var að upphæð 4000 kr. Var fyrri víxillinn gefinn út á H. P. Duus í Khöfn og átti að greiðast þar eftir 3 mánuði, en síðari víxillinn var gefinn út til Landsbankans einhvern tíma fyrri hluta árs 1904 og skrifaði verzlunarstjóri Duusverzlunar upp á hann ásamt áfrýjanda. Áfrýjandi telur nú upphæðir víxlanna hafa átt að vera borgun fyrir afla skipsins innlagðan í verzlunina og því hafi skipinu átt að reiknast disconto af fyrri víxlinum í 3 mánuði, 50 kr., en af hinum síðari frá 20. júní 1904, er afli skipsins var innlagður, til borgunardags víxilsins 30. júlí s. á., 22 kr. 22 aur. Það sést þó af reikningum skipsins, að það hefir ekki, er víxlarnir voru útgefnir, átt hjá verzluninni upphæðir þær, er víxlarnir hljóðuðu á, og að þær því voru að nokkuru leyti eða jafnvel mestmegnis veittar sem lán til skipsins eða fyrirfram borgun upp á afla þess, og í annan stað er ekkert framkomið um að verzlunin hafi lofað uppbót fyrir disconto af víxlunum, og

verður þá ekki álitid að henni hafi borið skylda til að svara skipinu neinni uppbót fyrir disconto. Það verður því að fallast á þá niðurstöðu, er bæjarþingsdómurinn hefir komist að í þessu efni.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að fiskur skipsins fyrir árið 1904 sé í reikningnum vantallinn svo, að það nemi 737 kr. 70 aur. skipseigendunum í óhag. Í reikningnum er fiskurinn talinn til inntektar fyrir skipið með 3562 kr. 30 au., en í bréfi til áfrýjanda, skrifuðu 27. júlí 1904, segir verzlunarstjóri Duusverzlunar á þessa leið: »Fiskur Sjöstjörnunnar er innveginn og hleypur upp á ca. kr. 4300.« Á þessu bréfi byggir áfrýjandi kröfu sína hér að lútandi, nfl. þá, að tekjur skipsins verði færðar upp um 737 kr. 70 aura. Stefndi hefir í þessu efni haldið því fram, að upphæðin í bréfi verzlunarstjórans sé röng og hafi það stafað af vangá; hafi verzlunarstjóranum, er hann skrifaði bréfið, verið gefin upphæðin á verði fiskjarins rangt upp af einum af verzlunarþjónunum, og hafi það orðið af misgáningi hans. Fiskurinn sé rétt talinn í reikningnum. Þegar eftir að áminst bréf 27. júlí 1904 var skrifað, segir stefndi að tekið hafi verið eftir misgáningi þessum, og hafi áfrýjanda þá verið gert viðvart um hann. Í staðfestum útdrætti úr pakkhúsbók Duusverzlunar, er fram hefir verið lagður, er fiskinnlegg skipsins talið alveg eins og í reikningnum. Áfrýjandi gat ekki sjálfur af persónulegum kunnugleik vitað neitt áreiðanlegt um upphæð fiskjarins, og hann styðst með tilliti til þessarar kröfu sinnar eingöngu við nefnt bréf verzlunarstjórans. Bréf verzlunarstjórans er þó eigi svo úr garði gert, að á því verði byggð skuldbinding fyrir hann eða verzlunina til að svara til fiskjarins með þar

tilgreindri upphæð; bréfið er hvorki loforð, skuldbindingarskjal né skuldabréf. Skýrslu stefnda um að upphæðin sé af vangá rituð rangt í bréfinu þykir eiga að taka til greina eftir öllum málavöxtum, og verður hér umrædd krafa áfryjanda um uppfærslu fiskverðsins um 737 kr. 70 aur. eigi tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður að staðfesta bæjarþingsdóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfryjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfryjandi Þórður J. Thoroddsen bankagjaldkeri greiði stefnda Kristjáni Þorgrímssyni kaupmanni f. h. H. P. Duus-verzlunar í Keflavík málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 12/1907:

J. Gunnarsson og S. Jóhannesson
 gegn
 Árna Á. Þorkelssyni.

Dómur :

Áfryjendurnir, kaupmennirnir J. Gunnarsson og S. Jóhannesson á Akureyri töldu til skuldar hjá hinum